



Vegna umfjöllunar í fjölmiðlum um samkomulag Norðlingaskóla við Menntasvið Reykjavíkur sem byggt er á bókun 5 vill stjórn og samninganefnd FG koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri við kennara.

Í Norðlingaskóla var ráðinn kennarahópur til þess að mæta kennslu mun fleiri nemenda en hafa hafið nám við skólann. Skólinn er í nýju hverfi í Reykjavík sem er að byggjast upp. Þær forsendur sem menn gáfu sér voru að á þessu skólaári yrði nemendafjöldinn mun meiri en komið hefur í ljós. Í úthlutun á fjármagni til reksturs skólans er byggt á því. Ráðningar kennara voru byggðar á þessum forsendum og eru því 6 kennarar ráðnir til skólans og þar af er einn sérkennari. Við skólann var ráðinn deildarstjóri og að sjálfsögðu er starfandi skólastjóri. Samkvæmt þeim upplýsingum sem FG hefur í höndum er nemendafjöldi 32 og er því ljóst að umframmönnun er á kennurum við skólann miðað við skóla svipaðrar stærðar.

Í umræðunni að undanförunu hefur verið fullt í fjölmiðlum að í samkomulagi starfsmanna skólans og Reykjavíkurborgar felist 30-35% launahækkun.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsfólki Menntasviðs hafa fjárframlög til Norðlingaskóla ekkert breyst. Fjármagn til skólans er reiknað út eftir sömu reglu og til annarra skóla. Ekki stóð til að skólinn fengi aukafjármagn vegna þessarrar tilraunar og því er ekki um neinn kostnaðarauka að ræða vegna samkomulagsins.

Þessi „hækkun“ er að mati stjórnar og samninganefndar FG og miðað við fyrirliggjandi gögn fengin með því að taka allt fjármagn sem skólanum er ætlað vegna launa kennara og dreifa því á kennarahópinn. Það sem fer inn í heildarlaun og dreifist á kennarahópinn er meðal annars:

- yfirvinnukvóti (engin kennsluyfirvinna greidd á milli 8:00-17:00),
- 6.500 kr pottur,
- ekki er greitt sérstaklega fyrir forfallakennslu,
- kvóti til gæslu nemenda (kennara sinna gæslu en fá ekki aukalega greitt fyrir það)
- ekki eru ráðnir stuðningsfulltrúar.
- undirbúningur og úrvinnsla kennslu er bundin á vinnustað og sveigjanleiki sem kennarar hafa í starfinu er af þeim tekinn.

Það má því segja að „launahækkunin“ felist í því að kennarahópurinn taki að sér alla vinnu sem hægt er að fá aukalega greitt fyrir og því sé bætt ofan á grunnlaun, ásamt því að skólastjóri fer með vald yfir öllum vinnutímanum og dreifir út verkefnum eftir sínu höfði. Skólastjórinn er ekki bundinn af neinum takmörkunum í vinnutímaskilgreiningum. Hann getur ákveðið mismunandi kennsluskyldu eftir því sem honum sýnist. Skýringin á því af hverju enginn kennari í Norðlingaskóla nær í vetur upp í fulla kennsluskyldu er sú að það eru svo fáir nemendur við skólann.

Í greinargerð FG sem afhent var LN vegna samkomulags byggðu á bókun 5 sem gert var á milli Menntasviðs Reykjavíkur og Norðlingaskóla kom eftirfarandi fram:

FG fagnar því að Reykjavíkurborg, sem og önnur sveitarfélög, vilji leggja aukin metnað í öflugt skólastarf. FG telur nauðsynlegt að til að gera gott skólastarf enn betra þurfi sveitarfélög að eiga gott samstarf við kennara og hafa vilja til að bæta kjör þeirra. **Samningur þar sem réttindi kennara eru tekin út og afnumin teljast ekki betri kjör að mati FG.** FG bendir á að í gr. 2.1.2 í gildandi samningi KÍ-LN er heimild til staðar um að haga vinnu (vinnutíma) með öðrum hætti en kveður á um í samningnum. FG þarf að samþykkja slíka breytingu.

Á fundum fulltrúa Kennarasambands Íslands og skólastjóra Norðlingaskóla í júní sl. kom skýrt og greinilega fram og oftast en einu sinni, að Kennarasamband Íslands treysti sér ekki til að samþykkja þau drög að samningi sem þá lágu fyrir og bent var á nokkur atriði. Þessum atriðum var ekki breytt og því hefði niðurstaða samstarfsnefndar ekki átt að koma á óvart. Skólastjóra Norðlingaskóla hefur verið boðið upp á viðræður um að haga vinnutíma með öðrum hætti en kveðið er á í samningnum, sbr. 2.1.2.

- Það er skoðun FG að fræðsluyfirvöld Reykjavíkur og skólastjóri og kennarar Norðlingaskóla geti með góðu móti rammað það skólastarf og skólastefnu sem fyrirhuguð er í skólanum inn í núverandi samning KÍ og LN og alfaríð án þess að fara út í breytingar á vinnutímaákvæðum samningsins.

- FG telur óhæft að breyta grunnmælieiningu starfs kennara á þann hátt sem farið er fram á, en kennsla hefur alla tíð verið grunnmælieining starfsins og því er afmörkun á kennsluskyldu eitthvað sem FG og KÍ hafa lagt áherslu á að viðhalda í síðustu samningum. Í nýafstöðnum samningum var það eitt af aðalmálum sem barist var fyrir að lækka kennsluskyldu úr 28 kennslustundum í 24 stundir, en samningar náðust um að lækka grunnmælieiningu starfsins í 26 kennslustundir og sá tími sem verður til vegna þessa færast allur í aukinn undirbúningstíma fyrir kennara. **Samninganefnd FG telur að í samningum eins og í Norðlingaskóla, sé farið í öfuga átt.**

- Í þingsályktun frá þingi KÍ í mars 2005 er stjórn og samninganefnd FG vöruð sterklega við að samþykkja tilraunasamninga við einstaka skóla sem skerða áunnin réttindi kennara sem unnist hafi með áratuga baráttu.

Ályktun þings KÍ hljóðar svo:

Þriðja þing Kennarasambands Íslands haldið í Reykjavík dagana 14. og 15. mars 2005 hvetur stjórn og samninganefnd Félags grunnskólakennara til að gaumgæfa vel innihald svokallaðra tilraunasamninga við einstaka skóla eða sveitarfélög áður en þeir eru samþykktir. Þingið fagnar því ef slíkir samningar kveða á um betri kjör og aukin réttindi félagsmanna. Einnig bendir þingið á að hærri grunntaxti er haldbetri kjarabót en að kennarar semji hver fyrir sig um viðbótarlaun. Þingið varar sérstaklega við slíkum samningum feli þeir í sér afnám ýmissa áunninna réttinda sem hafa náðst með áratuga baráttu. Kennarasambandið leggur áherslu á að tilraunasamningar skv. bókun 5 í kjarasamningi Fg og LN frá í haust, verði gerðir í samvinnu sveitarfélaga, kennara og Kennarasambandsins.